


## Dr. Charles William Eliot.

Dr. Charles William Eliot, forseti Harvard háskólans er fæddur í Boston í Massachusetts 20. marz árið 1834. Hann er kominn af einni elztu ættinni og merkstu þar í landi. Langfeðgar hans allir, hver fram af öðrum, voru hámentaðir menn, og hafa jafnan staðið framarla í kyrkju og menntamálum landsins. Það var á landnámstíð nýja Englands, að einn Eliotanna sneri biblunni yfir á mállísku Indiánaflokkss þess, er fyr meir bjó þar í landi, og er sú þýðing næstum þær einu menjar alls þess mikla tungumála bálks villimianna, er bjuggu í Austurríkjunum.

Charles W. Eliot var mjög snemma settur til náms, og 19 ára gamall útskrifaðist hann frá Harvard, árið 1853. Síðan hefir hann verið sænidur doktorsnafnbót af ýmsum háskólum, enskum og amerískum.

Í fjögur ár, 1854—'58, var hann undirkennari í stærðfræði og eftafræði við háskólann, og frá 1858—63 var hann aðstoðarprofessor í sömu greinum. Um þetta leyti kvongaðist hann, og tók þá köllun frá Mass. Institute of Technology sem professor í eftafræði (analytic Chemistry). Við þann skóla kenndi hann þar til 1869, að forsetasæti Harvard háskólans var autt, og honum var boðið að taka það. Því embætti hefir hann haldið síðan.

Fyrst framan af mætti hann megnri mótsprynu frá hálfu samverkamanna sinna. Sumpart var það af öfundsýki, sumpart vegna þess, að þeir undu illa breytingum þeim, er gjörðar voru þá á stjórn skólans. Um leið og Eliot var skipaður forseti, voru allar deildir háskólans sameinaðar undir eina yfirstjórn, er hann var forseti yfir. Áður hafði það verið þannig, að forsetinn hafði



DR. CHARLES WILLIAM ELIOT